

**18. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
15. apríl 2021, kl. 16:10.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Samúel Kristjánsson, Þorbergur Kjartansson, Bragi Þór Thoroddsen og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Samúel Kristjánsson, .

1. Svæði í fóstur - 2103006

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Vilborgu Arnarsdóttur f.h. Raggagarðs dags. 21.03.2021 þar sem sótt er um svæði til fósturs við Nesveg 7. Um er að ræða tvo metra aflóð Nesveg 7 og heimild til að færa núvarandi girðingu um 2 metra og gróðursetja plötnur á þessu svæði.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að Raggagarður fái svæði til fósturs við Nesveg 7 sem nemur tveimur metrum, stærð svæðisins verður þá um 60 fermetrar. Byggingarfulltrúa falið að ganga frá samkomulagi við umsækjanda um svæðið.

Samþykkt

2. Gjaldskrá um gatnagerðargjald og byggingarfulltrúa - 2103007

Tekin fyrir endurnýjuð gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald í þéttbýli Súðavíkurhrepps ásamt endurnýjaðri samþykkt um gatnagerðargjald.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að endurnýjuð gjaldskrá og samþykkt um gatnagerðargjald verði samþykkt.

Samþykkt

3. Umsókn um lóð við Langeyri 19 - 2103008

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Alexander Bjarka Svavarssyni dags. 30.03.2021 þar sem sótt er um lóð undir smáhýsi við Langeyrarveg 19.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að Alexander fái úthlutað byggingarreit á lóð við Langeyrarveg 19 sbr. umsókn.

Umsækjanda er bent á að svæðið er iðnaðarsvæði og lágmarksstærð bygginga á byggingarreit er 40 fermetrar.

Samþykkt

4. Nesvegur 7 - 2101001

Tekið fyrir að nýju erindi frá Kolbeinseyri ehf. er varðar afnotarétt af Nesvegi 7. Á fundi Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd þann 05.02.2021 var samþykkt að veita til afnota til 10 ára helming lóðar við Nesveg 7, sem liggur að Nesvegi 9.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að Kolbeinseyri fái 877 fermetra lóð við Nesveg 7, lóðin afmarkast af fóstursvæði

Raggagerðs, Raggagerðs, Nesveg 9 og Nesveg 5. Byggingarfulltrúa falið að gera lóðarblað og samning til 10 ára til samræmis við umræður á fundinum.

Samþykkt

5. Hattardalsvirkjun, byggingarleyfi - 2104003

Tekin fyrir umsókn um byggingarleyfi, ódagsett frá Rafhetti ehf. fyrir byggingu 35 fermetra stöðvarhúss og inntaksstíflu fyrir Hattardalsvirkjun skv. meðfylgjandi teikningum.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir framkomnar teikningar og felur byggingarfulltrúa að veita byggingarleyfi fyrir stöðvarhúsi og inntaksstíflu.

Samþykkt

6. Eignarhald á Tröð IV - 1212002

Tekið fyrir fyrirspurn um landið Tröð IV, svo virðist sem það hafi horfið út úr þinglýsingabók. Jafnframt tekið fyrir land Traðar í Sauradal, Tröð IV á 1/6 í landi Traðar.

Lagðir fram uppdrættir unnir af Verkís hf. af landi Tröð IV og Tröð. Skráður eigandi er Súðavíkurbreppur.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja uppdrættina og fela byggingarfulltrúa að afla undirskrifta nærliggjandi landeiganda og ganga frá til þinglýsingar.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 17:22.

Anna Lind Ragnarsdóttir

Hulda Gunnarsdóttir

Samúel Kristjánsson

Þorbergur Kjartansson
